

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af stjórn Hitaveitu Flúða og nágrennis, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. janúar 1953 um hitaveitur utan Reykjavíkur, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar, nr. 21 26. janúar 1968.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka gjöld samkvæmt gjaldskránni um allt að 20%.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. apríl 1969.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Til almennrar lýsingar um kwst.mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald 8.00 kr./kwst.
12. Til almennrar lýsingar um kwst.mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Fastagjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur	40.00 kr./m ² á ári.
Fyrir ganga og geymslur	16.00 kr./m ² á ári.
 - c. Orkugjald 2.40 kr./kwst.
13. Til götulýsingar um kwst.mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald 2.40 kr./kwst.

og annast þá rafveitan rekstur lýsingarkerfisins.